



## "Góðir hlutir gerast" Fagvitund í fyrirrúmi

Okt 2010 13.tlb

Kær formenn

Flestir deildir hafa þegar haldið sinn fyrsta fund og má því segja að vetrarstarfið sé komið af stað. Upplýsingar eru að koma inn á vefsíðurnar smátt og smátt hjá deildum.

Leiðtoganámskeiðið, Becoming Educators of Excellence var haldið nú í lok september í Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Þó ekki hafi eins margir konur séð sér fært að mæta og við vonuðumst eftir þá heppnaðist þetta allt saman afar vel. Barbara Whiting frá Minnesota var hér í viku. Hún byrjaði á að halda eitt tveggja daga námskeið í Hafnarfirði, flaug síðan til Akureyrar og hitti nokkrar Betakonur og sýndi síðan m.a. myndbandið um Leading out Loud á Menntsviði Reykjavíkur á mánudagskvöldið.

Við þökkum hinum fjölmörgu DKG konum sem aðstoðuðu við að gera dvöl hennar ánægjulega.

### Upplýsingar



Kvennafrídagurinn 24. okt. <http://kvennafri.is/skotturnar> Samstarf okkar felst aðallega í að aðstoða við merkjasölu og vera meðvitaðar um baráttuna við kynbundið ofbeldi. Einnig hvetjum við konur til að taka þátt í þeim atburðum sem skipulagðir eru.



DKG 35 ár á Íslandi. Alfadeildin á afmæli! Hún ætlar að halda upp á það með því að vera með málþing 13. nóvember. Þær munu segja frá þessu frekar síðar.

Gönguhópurinn mun hittast á ný 19. okt, kl. 17:30 við Perluna. Í vetur er stefnt að því að hittast þriðja þriðjudag í hverjum mánuði og er aldrei að vita hvort ekki verði brugðið út af vananum og aðrar uppákomur kynntar. Þetta er allt nánar auglýst á vefnum.

GoToMeeting Ef nefndir eða hópar innan samtakanna vilja nýta sér tæknina, þá er hægt að nota GoTo Meeting fjarfundabúnað. Við munum auglýsa það frekar í næsta mánuði. Guðbjörg gjaldkeri landssambandsins mun halda einn slíkan fund 20. október kl. 20 með gjaldkerum deilda. Það verður auglýst frekar þegar nær dregur.

Lambdadeild, 11. deild samtakanna verður stofnuð í haust á Reykjavíkursvæðinu.

Kynningarfundur verður haldinn fyrir nýjar konur í byrjun mánaðarins.

### Til framkvæmda

#### Munið

- að uppfæra félagatalið á vefnum
- að setja inn dagsetningar funda og þemu vetrarins
- að minna á félagsjöldin.


Október 2010						
Mán	Þri	Mið	Fom	Fös	Lau	Sun
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

#### Á döfinni:

Gönguhópurinn  
Merkjasala Skottanna  
Veffundur gjaldkera  
Dagskrá vegna kvennafrídays

#### Eindagar

Félagsjöld, kr 7500,- þarf að berast gjalkera deilda fyrir  
**31. október**  
og gjaldkera landssambands fyrir **10.nóvember**



Með systrakeðju,

*Ingibjörg Jónasdóttir*  
landssambandsforseti DKG

November 2010						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					